

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 37. STARFSÁR

Menningarnótt í Reykjavík

SÁLMAFOSS Í HALLGRÍMSKIRKJU

24. ágúst 2019

Samfelld dagskrá frá klukkan 15.00-21.00

Listrænn stjórnandi og skipuleggjandi dagskrár: Hörður Áskelsson


Kynnar: Prestar Hallgrímskirkju, sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og dr. Sigurður Árni Þórðarson.

Framkvæmdastjóri: Inga Rós Ingólfssdóttir

listvinafelag.is

Drottinn Guð, þitt dýra nafnið skæra

11



Drott-inn Guð, þitt dýr - a nafn - ið skær - a
dýrk - a ber og veit - a lotn - ing tær - a. Hver
tung - a, ver - a skal vitn - i ber - a að
vold - ug er - u þín ráð og þér þakk - ir fær - a.

1 Drottinn Guð, þitt dýra nafnið skæra
dýrka ber og veita lotning tæra.
Hver tunga, vera
skal vitni bera
að voldug eru
þín ráð og þér þakkir færa.

2 Guð er Guð þótt veröld væri eigi,
verður Guð þótt allt á jörðu deyi.
Þótt farist heimur
sem hjóm og eimur
mun heilagt streyma
nýtt líf um geim, Guðs á degi.

3 Björgin hrynja, hamravirkin svíkja,
himinn, jörð og stjörmur munu víkja
en upp mun rísa
og ráð hans prísa,
hans ríki vísa
og ljósið lýsa og ríkja.

Englar hæstir, andar stærstir

25



Engl - ar hæst - ir, and - ar stærst - ir, all - ir lof - i Drott - ins nafn.



Allt sem and - ar, allt sem lif - ir, upp - i, niðr - i, — himn - um yf - ir



dýrk - i, lof - i Drott - ins nafn.

1 Englar hæstir, andar stærstir,
allir lofi Drottins nafn.

Allt sem andar, allt sem lifir,
uppi, niðri, himnum yfir
dýrki, lofi Drottins nafn.

2 Himinn fagur, hver einn dagur,
hver ein nótt með stjörnusafn,
stormar, þrumur, hvað sem hræðir,
hvað sem vekur, örvar, glæðir
lofi Herrans heilagt nafn.

3 Æðstum Drottni aldrei þrotni
eillíft lof og þakkargjörð.
Syngið, feður, syngið, mæður,
syngið, niðjar, menn og bræður.
Heiðri Drottin hæð og jörð.

Víst ertu Jesú, kóngur klár

41

Víst ert - u, Jes - ú, kóng - ur klár,
kóng - ur dýrð - ar um ei - líf ár,
kóng - ur engl - ann - a, kóng - ur vor,
kóng - ur al - mætt - is tign - ar stór.

1 Víst ertu, Jesú, kóngur klár,
kóngur dýrðar um eilíf ár,
kóngur englanna, kóngur vor,
kóngur almættis tignarstór.

2 Ó, Jesú, það er játning mín,
ég mun um síðir njóta þín
þegar þú, dýrðar Drottinn minn,
dómstól í skýjum setur þinn.

3 Frelsaður kem ég þá fyrir' þinn dóm,
fagnaðarsælan heyri' eg róm.
Í þínu nafni útvaldir
útvalinn kalla mig hjá sér.

4 Kóng minn, Jesú, ég kalla þig,
kalla þú þræl þinn aftur mig.
Herratign engu' að heimsins sið
held ég þar mega jafnast við.

5 Jesú, þín kristni kýs þig nú,
kóngur hennar einn heitir þú.
Stjórn þín henni svo haldi við,
himneskum náí dýrðar frið.

T Hallgrímur Pétursson (Ps 27)

L Kempton um 1000 – hjá Michael Weisse 1531 – Sb 1589 – breytt í Ssb 1936

Dýrlegi Jesús, Drottinn allra heima

54

Dýr - leg - i Jes - ús, Drott - inn allr - a heim - a,
duft - in - u klædd - ur, Guðs eink - a - son,
þig vil ég elsk - a, ein - um þér fylgj - a,
and - a míns heils - a, líf og von.

1 Dýrlegi Jesús, Drottinn allra heima,
duftinu klæddur, Guðs einkason,
þig vil ég elska, einum þér fylgja,
anda míns heilsa, líf og von.

2 Fögur er hlíðin, frítt um völl og haga,
fagurt er voríð sem lífgar allt.
Jesús er fegri, hærri og hreinni,
sem hjartað lífgar snault og kalt.

3 Blómkrónur anga, brosa móti sólu,
barnsaugað tæra þó fegur skín.
Blómið mun falla, brestur hvert auga,
birtan þín, Jesús, aldrei dvín.

4 Bjartur er máni, blítt skín sól í heiði,
blikandi stjarna er hýr að sjá.
Skærar þú lýsir, ljós heimsins, Jesús,
ljómi Guðs dýrðar himni frá.

5 Fegurð og yndi allt á himni og jörðu
einum þér hneigir og skín af þér.
Hvert sem ég leita, hvað sem ég þrái,
hjarta míns gimsteinn vertu mér.

6 Hinst þegar kallið kemur burt af heimi,
kannastu við mig og lýstu mér.
Síðasta hugsun hjarta míns veri:
Heilagi bróðir, dýrð sé þér.

Fræ í frosti sefur

166



Fræ í frost - i sef - ur, fönn - in ei grand - ar því.
Drott - ins vald á vor - i vek - ur það upp á ný.



Elsk - a hans gef - ur öll - u líf og skjól.



Guðs míns kær - leiks kraft - ur, kom þú og ver mín sól.

1 Fræ í frosti sefur,
fönnin ei grandar því.
Drottins vald á vori
vekur það upp á ný.
Elska hans gefur
öllu líf og skjól.
Guðs míns kærleiks kraftur,
kom þú og ver mín sól.

2 Drottinn dó á krossi,
dæmdur og grafinn var,
sonur Guðs er saklaus
syndir heimsins bar.
Móti hans elsku
magnlaus dauðinn er.
Kristur, með þinn kærleik
kom þú og hjá oss ver.

3 Hann var hveitikornið,
heilagt lífsins sáð,
sent til vor að veita
vöxt í ást og náð.
Himnanna ljómi
lýsir gröf hans frá.
Kristur, lát þinn kærleik
kveikja þitt líf oss hjá.

4 Stundum verður vetur
veröld hjartans í.
Láttu fræ þín lifa,
ljóssins Guð, í því.
Gef oss þitt sumar
sólu þinni frá.
Kristur, kom og sigra,
kom þú og ver oss hjá.

Gefðu að móðurmálið mitt

532

Gefð - u_ að móð - ur - mál - ið mitt, minn Jes - ús, þess ég beið - i,
frá allr - i vill - u_ klárt og kvitt kross - ins orð þitt út - breið - i
um land - ið hér_ til heið - urs_ þér,
helst mun_ það_ bless - un vald - a
með - an þín náð læt - ur vort láð lýð - i og byggð - um hald - a.

Gefðu að móðurmálið mitt,
minn Jesú, þess ég beiði,
frá allri villu klárt og kvitt
krossins orð þitt út breiði
um landið hér
til heiðurs þér,
helst mun það blessun valda
meðan þín náð
lætur vort láð
lýði og byggðum halda.

Nú hverfur sól í haf

592



Nú hverf-ur sól_ í haf og húm-ið kem - ur skjótt. Ég
lof - a góð - an Guð, sem gef - ur dag_ og nótt, minn
vök - u - dag,_ minn draum og nótt.

1 Nú hverfur sól í haf
og húmið kemur skjótt.
Ég lofa góðan Guð
sem gefur dag og nótt,
minn vökudag, minn draum og nótt.

2 Þú vakir, faðir vor,
ó, vernda börnin þín,
svo víð sem veröld er
og vonarstjarna skín,
ein stjarna hljóð á himni skín.

3 Lát daga nú í nótt
af nýrri von og trú
í myrkri hels og harms
og hvar sem gleymist þú
á jörð sem átt og elskar þú.

4 Kom, nótt, með náð og frið,
kom nær, minn faðir hár,
og leggðu lyfstein þinn
við lífsins mein og sár,
allt mannsins ból, hvert brot og sár.

Drottinn, Guðs sonur

711

Drott - inn, Guðs son - ur, sem duft - ið mitt bar,
dó til að lífg - a mitt fólksv - að - a skar,
reis upp af gröf svo að gæt - i hann mér
gef - ið sitt ei - líf - a rík - i með sér.

1 Drottinn, Guðs sonur, sem duftið mitt bar,
dó til að lífga mitt fólkskvaða skar,
reis upp af gröf svo að gæti hann mér
gefið sitt eilífa ríki með sér.

2 Kristur, í náð þinni komstu til mín,
kveiktir það ljós, er mig vakti til þín,
orðið þitt varð mér að lifandi lind,
ljómaði við mér þín heilaga mynd.

3 Þú hefur jástast mér eins og ég er,
augað þitt heilaga þekkir og sér
hjarta mitt, vafið í villu og tál,
vilja minn blindan og flekkaða sál.

4 Samt viltu eiga mig, allsvana barn,
eigrandi skugga um vegalaust hjarn,
sekt minni gleyma þótt særði ég þig,
sýkna og lækna og umskapa mig.

5 Trúin mín sér þig og sólin mér skín,
sála mín fagnar og brosir til þín,
vaknar sem blómið þá veturinn fer,
vegsamar lífið sem kemur með þér.

6 Frelsari heimsins, mitt hjarta er þitt,
hugsun mín, vilji og allt sem er mitt
lofi og kunngjöri kærleika þinn,
konungur, bróðir og lífgjafi minn.

Dag í senn

712

Dag í senn, eitt and-ar-tak í ein - u ei-líf náð þín, fað-ir, gef-ur mér.

Mun ég þurf - a þá að kvíð-a nein-u þeg-ar Guð minn fyr-ir öll-u sér?

Hannsem miðl-ar mér af gæsk-u sinn-i minn-a dag-a skammti' af sæld og þraut

sér til þess að fær-a leið ég finn-i fyr-ir skref - ið hvert á lífs míns braut.

1 Dag í senn, eitt andartak í einu eilíf náð þín, faðir, gefur mér. Mun ég þurfa þá að kvíða neinu þegar Guð minn fyrir öllu sér? Hann sem miðlar mér af gæsku sinni minna daga skammti' af sæld og þraut sér til þess að færa leið ég finni fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

2 Hann sem er mér allar stundir nærri á við hverjum vanda svar og ráð, máttur hans er allri hugsun hærri, heilög elska, viska, föðurnáð. Morgundagsins þörf ég þekki eigi, það er nóg að Drottinn segir mér: Náðin mín skal nægja hverjum degi, nú í dag ég styð og hjálpa þér.

3 Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum frið og styrk sem ekkert buga má. Auk mér trú og haltu huga mínum helgum lífsins vegi þínum á svo að ég af hjartaþeli hreinu hvað sem mætir geti átt með þér daginn hvern, eitt andartak í einu, uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Heyr þann boðskap

835

Heyr þann boð - skap__ er boð - a__ við meg - um__

bund - inn frið - i__ og rétt - læti' í heim - i__

— um trú, von og kær - leik.__

Þar er sig - ur__ hins góð - a__ á jörð.

Um trú, von og kær - leik.__

Þar er sig - ur__ hins góð - a__ á jörð.

1 :: Heyr þann boðskap er boða við megum
bundinn friði og réttlæti' í heimi ::
:: um trú, von og kærleik.
Þar er sigur hins góða á jörð. ::

3 :: Þetta guðspjall sem gaf okkur Kristur
gefur þrælum og fjötruðum frelsi ::
:: og trú, von og kærleik.
Þar er sigur hins góða á jörð. ::

2 :: Þetta guðspjall sem gaf okkur Kristur
gefur fátækum nýtt líf og fögnuð ::
:: og trú, von og kærleik.
Þar er sigur hins góða á jörð. ::

4 :: Með þeim boðskap sem boða við eigum
boðast líkn hinum þjáðu og smáðu ::
:: með trú, von og kærleik.
Þar er sigur hins góða á jörð. ::

848

Allt sem Guð hefur gefið mér

- Lífandi Guð -

Allt sem Guð hef-ur gef - ið mér, gróð ur jarð - ar, sól - ar - sýn,
 heið-an og víð - an him - in - inn, af hjart-a ég þakk-a og bið: _____
 Lif-and - i Guð, lif-and - i Guð, látt-u mig finn - a þig. _____

1 Allt sem Guð hefur gefið mér,
 gróður jarðar, sólsýn,
 heiðan og víðan himininn,
 af hjarta ég þakka og bið:
*Lífandi Guð, lífandi Guð,
 láttu mig finna þig.*

2 Allt sem Guð hefur að mér rétt
 á sinn tíma, ræður för.
 Stríðandi öflin steðja að
 og stundum ég efast og bið:
Lífandi Guð ...

3 Allt sem Guð hefur á mig lagt
 er mér ljúft að glíma við,
 taka í sátt og tefla djarft
 og treysta um leið og ég bið:
Lífandi Guð ...

Megi gæfan þig geyma

893

Meg-i gæf - an þig geym-a, — meg-i Guð þér fær - a sig-ur -
lag, — meg - i sól lýs - a þín - a leið, — meg - i
ljós þitt skín-a sér-hvern dag. Og bæn-ar bið ég þér — að á-vallt
geym - i — þig Guð — í hend - i sér.

Megi gæfan þig geyma,
megi Guð þér færa sigurlag,
megi sól lýsa þína leið,
megi ljós þitt skína sérhvern dag.
Og bænar bið ég þér
að ávallt geymi
þig Guð í hendi sér.

Hróp mitt er þögult

- Lifandi vatnið -

914

The musical score is written in treble clef with a key signature of three sharps (F#, C#, G#) and a 3/4 time signature. It consists of four staves of music. The lyrics are written below the notes. The first staff contains the lyrics: 'Hróp mitt er þög - ult, þú heyr - ir_ það_ samt,'. The second staff contains: 'þögn - in hún óm - ar í þér, _ í þér,'. The third staff contains: 'óm - ar_ eins og vatn - ið,'. The fourth staff contains: 'streym - and - i vatn - ið.'

1 Hróp mitt er þögult,
þú heyrir það samt,
þögnin hún ómar
í þér, í þér,
ómar eins og vatnið,
streymandi vatnið.

2 Þrá mín er þögul,
þú heyrir hana samt,
þráin hún ómar
í þér, í þér,
ómar eins og vatnið,
svalandi vatnið.

3 Bæn mín er þögul,
þú heyrir hana samt,
bænin hún ómar
í þér, í þér,
ómar eins og vatnið,
lifandi vatnið.

Hver getur vakað

916



Hver get - ur vak - að um heims - ins nótt?



Hver trú - að heims í myrkr - i?



Hver styð - ur veik - an og stend - ur vörð?



Vilj - a þinn, Guð, lát verða' á jörð.



Veit oss að fylgj - a þér, Guð.

eftir síðasta erindi



A - men, a - men.

1 Hver getur vakað um heimsins nótt?
Hver trúað heims í myrkri?
Hver styður veikan og stendur vörð?
Vilja þinn, Guð, lát verða' á jörð.
Veit oss að fylgja þér, Guð.

2 Náungans byrði æ bera þarf,
bróður að sýna mildi.
Annars rétt sækja er sverfur að.
Hef upp þín tákni á hverjum stað!
Hjálpa' oss að fylgja þér, Guð.

3 Drottinn, sem vakir um dimma nótt,
Drottinn, sem leiðir úr myrkri.
Drottinn, sem gefur oss dag og ár:
Eins þegar áföll henda sár
erum við hjá þér, ó, Guð.
Amen, amen.

DAGSKRÁ

Kl. 15.00 -15.10 Sálmasöngur – allir syngja með!

Mótettukór Hallgrímskirkju og Mattias Wager leiða söng með spuna.

15.10-15.40 Mótettukór Hallgrímskirkju syngur kórverk eftir Mendelssohn, Brahms, Händel o. fl. Stjórnandi Hörður Áskelsson, orgelleikur Mattias Wager

15.40-16.00 Mattias Wager leikur sálmaspuna á Klaisorgelið

16.00-16.10 Sálmasöngur – allir syngja með! Kór Akraneskirkju og Björn Steinar Sólbergsson leiða söng, stjórnandi Sveinn Arnar Sæmundsson

16.10-16.30 Kór Akraneskirkju syngur fjölbreytta efnisskrá stjórnandi Sveinn Arnar Sæmundsson

16.30-17.00 Det Unge Vokalensemble “Copenhagen Young Voices” frá Kaupmannahöfn flytur kórverk eftir Holmboe, Grieg, Önnu Þorvaldsdóttur og J. Petersen, stjórnandi Poul Emborg

17.00-17.10 Sálmasöngur – allir syngja með! Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgel

17.10-17.30 Gregorsöngur og orgel. Fjöltnir Ólafsson barítón syngur með Birni Steinari Sólbergssyni organista.

17.30-18.00 Björn Steinar Sólbergsson, organisti Hallgrímskirkju leikur valin orgelverk á Klais-orgelið.

18.00-18.10 Sálmasöngur – allir syngja með! Kammerkórinn Hjómeyki leiðir söng undir stjórn Þorvaldar Arnar Davíðssonar

18.10-18.30 Kammerkórinn Hjómeyki flytur valin kórverk undir stjórn Þorvaldar Arnar Davíðssonar

18.30-19.00 Det Unge Vokalensemble flytur danska og íslenska kórtónlist, stjórnandi Poul Emborg

19.00-19.10 Sálmasöngur – allir syngja með! Dómkórinn syngur undir stjórn Kára Þormars.

19.00-19.55 – Dómkórinn og Kári Þormar dómorganisti flytja ýmis kór- og orgelverk.

20.00-21.00 Schola cantorum og Mattias Wagner flytja spunakennda efnisskrá, sem fléttar saman sálmasöng, kórsöng og orgelspuna. Stjórnandi Hörður Áskelsson

Þakkir fá allir tónlistarflytjendur Sálmafoss 2019, Hafsteinn Sv. Hafsteinsson hönnuður, Hallgrímssöfnuður og starfsfólk Hallgrímskirkju, Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóður, Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Oktavía Ágústsdóttir o.fl.